

Útdráttur vegna umsóknar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en til markaðssetningar

<b>Titill verkefnis:</b>	<b>Sameindaræktun á erfðabreyttu byggi - SamRækt</b>
<b>Dagsetning:</b>	<b>31.1.2024</b>
<b>Ábyrgðaraðili umsóknar:</b>	<b>Jón Már Björnsson</b>
<b>Fyrirtæki/leyfisumsækjandi:</b>	<b>ORF Líftækni</b>
<b>Staðsetning:</b>	<b>Klauf, Eyjafjarðarsveit, 605 Akureyri</b>
<b>Útdráttur:</b>	<p>ORF Líftækni hf hefur búið til og ræktað erfðabreytt bygg í yfir 20 ár í þeim tilgangi að nýta byggið til framleiðslu á sérvirkum próteinum sem eru svo einangruð og hreinsuð úr byggfræjunum. Erfðabreytta byggið er því eingöngu nýtt til sameindaræktunar (molecular farming) en ekki sem fæði eða fóður. ORF Líftækni sækir nú um leyfi til tilraunaræktunar á erfðabreyttu byggi á Klauf í Eyjafjarðarsveit þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands hefur framkvæmt tilraunaræktanir síðustu ár. Tilgangur ræktunarinnar er að kanna hvort hægt er að rækta á Íslandi þau erfðabreyttu byggirki sem ORF notar í sínum rannsóknum og framleiðslu. Sérstaklega mikilvægt er að fá samannburð á ræktuninni á mismunandi stöðum á landinu m.t.t. uppskeru og uppsöfnunna á markpróteinum í byggfræjunum. ORF hefur framkvæmt tilraunaræktanir í Gunnarsholti og er með leyfi til ræktunar 2024-25. ORF hefur einnig sent inn umsókn um leyfi til tilraunaræktunar á Möðruvöllum í Hörgárdal. ORF hefur jafnframt framkvæmt árlega tilraunaræktanir með bygg í Kanada síðan 2013. Niðurstöður úr tilraunaræktunum í Gunnarsholti sýna að hægt er að ná góðum árangri hérlendis og er nauðsynlegt að framkvæma frekari tilraunaræktanir því til staðfestingar. Niðurstöður fyrirhugaðrar ræktunar á Klauf verða bornar saman við ræktanir í Gunnarsholti og í Kanada sem og eldri uppskerur úr gróðurhúsi ORF í Grindavík sem nú er ónýtt. ORF hefur markaðssett MESOkine sem eru vaxtarþættir úr dýrum og notaðir í ræktun á kjöti, vistkjöt. Fyrirséð er að eftirspurnin eftir vaxtarþáttum mun aukast og er ORF í lykilstöðu að geta boðið mikið magn á lægra verði en samkeppnin og er kortlagning og samannburður á ræktunarsvæðum mikilvægur liður í því.</p>